

VAUST / 8412

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Arni Helgason

Yfirlit yfir starfsemi Austurlandsdeildar  
Veiðimálastofnunar á árinu 1984.

29.12.1984  
VAUST/8412

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

## I. Inngangur.

Arið 1984 einkenndist öðru fremur af þeirri nýjung í starfsemi Veiðimálastofnunar, að gjald skyldi tekið af veiðifélögum og veiðiréttareigendum fyrir þá þjónustu, sem stofnunin lætur í té. Eins og við var búist, þá mæltist þetta illa fyrir á Austurlandi, þar sem fjármagnsvelta í lax- og silungsveiði er víðast lítil, og tekjur veiðifélaga ekki af þeirri stærðargráðu, að standa undir miklum rannsóknum. Rannsóknarstarfsemi var því að stærstum hluta í tengslum við 2 stór verkefni, sem styrkt eru af samnorrænum sjóðum. p.e.a.s. Gönguseiðaverkefni í Vopnafirði og Silungsverkefni SSA. Auk þessa voru gerðar seiðakannanir í nokkrum ám.

## II. Rannsóknir og kannanir á árinu.

I töflu hér að neðan er sýnt yfirlit yfir ákveðin verkefni, sem unnið var við 1984.

Verkefni	Sérfr.	Aðstm.	Greitt af.
1. Gönguseiðav. í Vopnafirði	37	37	Norrænn styrkur og Veiðifélög (1)
2. Silungsverkefni SSA	9	9	Norrænn styrkur SSA
3. Seiðakönnun í Svalbarðsá	2	2	Veiðifélag Svalbarðsár
4. " Hafralónsá	1	1	Veiðimálast. (2)
5. " Loðmundarf. og Borgarfirði eystra	3	3	Veiðimálastofnun
6. Seiðakönnun á Lagarfljóts- svæði og Selfljótssvæði	3	3	Veiðimálastofnun
7. Seiðakönnun í Breiðdalsá	2	2	Veiðimálastofnun
Samtals	57 d	57 d	-

(1) Veiðifélög í Vopnafirði greiddu fyrir aðstoðarmann.

(2) Vegna bilunar var könnun ekki lokið og ekki krafist greiðslu.

Í öllum tilvikum var ekki gert að greiða fyrir föst dagvinnulaun sérfræðings né þann tíma, sem fór í úrvinnslu á gögnum úr viðkomandi athugunum.

### 1. Gönguseiðaverkefni í Vopnafirði.

Páttur Austurlandsdeildar varð mun meiri í þessu verkefni heldur var 1983. Sérfræðingur deildarinnar var í Vopnafirði til þess að undirbúa móttöku á gönguseiðum, og annaðist þau alveg þar til þeim var sleppt. Auk þessa voru samhliða gerðar athuganir á alaxaseiðum í ánum í Vopnafirði, og á tímabilinu 14. júní - 3. júlí var gönguseiðagilda höfð í Vesturdalsá til að veiða náttúruleg gönguseiði. Afli úr gildrunni var merktur með uggaklippingu og síðan sleppt áný, en heildarfjöldi náttúrulegra gönguseiða sem voru merkt var tæplega 1300.

### 2. Silungsverkefni SSA.

Páttur Austurlandsdeildar í Silungsverkefni SSA var af ýmsum ástæðum minni 1984 en árið 1983. Stærstur hluti starfsins fólst í úrvinnslu á gögnum, sem safnast höfðu frá 1983. Bein páttaka í starfinu sumarið 1984 var einkum sá, að farnar voru 2 rannsóknarferðir í vötn í Vopnafirði og í Jökuldalsheiði, og gerðar frumathuganir á fiski í þeim.

### 3 - 7. Seiðakannanir.

A árinu voru gerðar seiðakannanir með hefðbundnum hætti í nokkrum vatnsföllum í fjórðungnum. (sjá töflu hér á undan).

Auk áðurnefndra verkefna var farin ein ferð til Færeyja á vegum vinnuhóps ICES um laxinn í N-Atlantshafi, og gerðar athuganir í frystihúsum í landi og um borð í færeyskum laxveiðibát.

### III. Rannsóknaniðurstöður og skýrslur 1984.

I lok ársins lágu fyrir niðurstöður úr allmögum athugunum, sem gerðar voru 1983 og 1984. Eftirfarandi skýrslur og greinagerðir voru sendar frá Austurlandsdeild:

VAUST/8401	Könnun á ástandi laxaseiða á sleppisvæðum á vatnsvæði Gilsár-Selfljóts árið 1983.	(24.01.84)	11 bls
VAUST/8402	Investigation of information extracted from data collected at the Fish-reception operated by the Egilsstaðir co-operative during the summer 1983.	(26.01.84)	5 bls
VAUST/8403	Greinagerð um ferð til Færeyja dagana 18.2 - 6.3.1984 vegna laxveiða færeyinga.	(19.03.84)	36 bls
VAUST/8404	Athuganir í Vesturdalsá í Vopnafirði 29.8 - 31.8.83.	(04.04.84)	9 bls
VAUST/8405	Niðurstöður athugana á Lagarfljótssvæði á árinu 1983.	(14.05.84)	10 bls
VAUST/8406	Niðurstöður rafveiða í Selá í Vopnafirði á árinu 1984.	(17.10.84)	7 bls
VAUST/8407	Gönguseiðaverkefnið í Vopnafjarðaránum. Vinnuskýrsla fyrir árið 1984.	(30.10.84)	9 bls
VAUST/8408	Athuganir í Fjarðará í Borgarfirði eystra. Árangur af seiðasleppingum 1981-1984.	(13.11.84)	8 bls
VAUST/8409	Athuganir í Svalbarðsá 1984.	(19.11.84)	9 bls
VAUST/8410	Niðurstöður rafveiða í Hofsá í Vopnafirði 1983 og 1984.	(04.12.84)	10 bls
VAUST/8411	Redegörelse for Smoltprojektet í Vopnafjörður for áret 1984.	(10.12.84)	9 bls
VAUST/8412	Yfirlit yfir starfsemi Austurlandsdeilda Veiðimálastofnunar á árinu 1984.	(29.12.84)	4 bls

Úrvinnsla á gögnum að öðru leyti er vel á veg komin, og er þess að vænta, að niðurstöður úr þeim liggi fyrir snemma á árinu 1985:

#### IV. Lokaorð.

Ekki verður gerð tilraun til að gera grein fyrir rekstri deildarinnar að öðru leyti en að framan greinir enda munu nákvæmar tölur um hann liggja fyrir í heildaruppgjöri Veiðimálastofnunar.

Um verkefni á árinu 1985 er tilgangslítið að segja fyrir um nú, enda má segja, að með núverandi fyrirkomulagi hljóta þau að verulegu leyti veljast af því hverjir eru væntanlegir kaupendur á þjónustu Veiðimálastofnunar í umdæmi Austurlandsdeildarinnar. Þó er ástæða til að leggja á það áherslu, að áfram verði haldið með gildruveiði á náttúrulegum gönguseiðum í Vopnafirði á næsta vori með líkum hætti og var gert 1984.

Óvist er með hvaða hætti Veiðimálastofnun tengist silungsverkefni SSA, og ræðst það ekki fyrr en framkvæmdarnefnd verkefnisins markar stefnu fyrir árið 1985. Þegar hefur verið lagt til, að horfið verði frá núverandi fyrirkomulagi verkefnisins og í stað þess verði öllum kröftum beint að því að fullnýta fiskstofna í 1 - 2 vötnum, og reyna á hversu hagkvæm slík útgerð geti orðið. Ef af því verður, þá verður væntanlegt hlutverk Veiðimálastofnunar að skipuleggja hversu mikið magn og með hvaða hætti eigi að taka úr umræddum vötnum.

Um önnur verkefni verður ekki fjallað, enda ráðast þau, eins og áður segir, af eftirspurn eftir þjónustu Veiðimálastofnunar.